

Fjórða stig

Fjórða stigsprófið á selló er þreytt eftir að nemandi hefur náð eftirfarandi hæfniviðmiðum og hefur undirbúið hæfileg prófverkefni. Það telst fullgilt aðeins ef nemandi lýkur einnig **Tónfræði M1**. Ætlast er til þess að nemendur í fjórða stigi eigi kennslubækur, æfingabækur og nótur í samræmi við fyrirmæli kennara.

Við lok fjórða stigs eiga sellónemendur að hafa náð eftirfarandi markmiðum:

Nemandi

- beiti líkamanum á eðlilegan og áreynslulausan hátt þegar leikið er á hljóðfærið.
- hafi náð tókum á eðlilegum og áreynslulausum hreyfingum handleggja.
- haldi eðlilega á hljóðfærinu og boganum.
- hafi náð tókum á góðu bogagripi.
- beiti boganum þannig að hann myndi rétt horn við streng og grunnstaða hans sé u.þ.b. mitt á milli gripbrettis og stóls
- hafi allgott vald á eftirtöldum bogastrokum: detaché, legato, staccato og martelé
- hafi gott vald á pizzicato með hægri hendi.
- hafi á valdi sínu mismunandi hraða og styrkleika í bogastrokum.
- hafi náð tókum á mjúkum bogaskiptum.
- hafi náð tókum á jöfnum strengjaskiptum.
- hafi náð tókum á eðlilegri stöðu vinstri handleggjar miðað við þá stillingu og þann streng sem leikið er á hverju sinni.
- hafi náð tókum á hnitmiðaðri fingratækni, þ.m.t. sveigjanlegum þumal fingrum.
- hafi náð tókum á góðri samhæfingu vinstri og hægri handar.
- hafi náð góðri tónmyndun á tónsviðinu frá C upp á c' í 7. stillingu og hafi nokkurt vald á notkun þumal fingurs.
- hafi náð góðum tókum á inntónun.
- hafi náð tókum á þjálum stillingaskiptum.
- hafi náð nokkuð góðu valdi á vibrato.
- geti sýnt blæbrigði með mismunandi fjarlægð frá stól og mismunandi bogahraða.
- geti gert styrkleikabreytingar og andstæður augljósar.
- hafi náð grundvallartökum á að stilla hljóðfæri sitt sjálfur.
- hafi öðlast gott hrynskyn.
- kunni góð skil á nótnalestri í bassalykli og nokkur skil í nótnalestri í tenórlykli.
- kunni skil á skammstöfunum tengdum bogatækni.
- geti lesið og leikið án undirbúnings verkefni sambærileg þeim sem fengist var við í seinni hluta grunnnáms.
- hafi þjálfast reglulega í að leika utanbókar.
- hafi þjálfast í ýmiskonar samleik, þ.m.t. hljómsveitarleik og kammertónlist.
- hafi farið yfir viðunandi fjölda verkefna.
- hafi fengist við fjölbreytt úrval verkefna.
- hafi vald á krómatískum tónstiga í tveimur áttundum.
- hafi náð góðum tókum á leik dúrtónstiga upp í fjögur formerki í tveimur til þremur áttundum á tónsviðinu C til c''.
- hafi náð góðum tókum á leik hljómhæfra og laghæfra molltónstiga upp í fjögur formerki í tveimur til þremur áttundum á tónsviðinu C til c''.
- hafi náð góðum tókum á leik dúr- og mollþríhljóma upp í fjögur formerki í tveimur til þremur áttundum á tónsviðinu C til c''.
- geti leikið gangandi þrúndir á tónsviðinu C til c''.
- geti leikið sexundatvírgrip (fyrst eina nótu í einu, svo tvígríp) á tónsviðinu C til g'.

- hafi undirbúið prófverkefni til flutnings á fjórða stigsprófi samkvæmt þessari námskrá.

Nemanda hafi gefist kostur á að velja hvort og að hversu miklu leyti hann sinnir eftirfarandi atriðum:

- leik eftir eyra
- tónsköpun
- spuna

Nemandi sýni eftirfarandi atriði í þeim mæli sem eðlilegt getur talist eftir fjögurra til sex ára nám:

- tilfinningu fyrir túlkun og hendingamótun
- ýmis blæbrigði og andstæður
- þekkingu og skilning á stíl
- tilfinningu fyrir samleik
- öruggan og sannfærandi leik
- persónulega tjáningu
- viðeigandi framkomu

Uppsetning fjórða stigsprófs og vægi prófþátta

Prófþættir á fjórða stigsprófi eru átta. Nemendur þurfa að fá einkunnina 6,0 á prófinu í heild til þess að standast það.

1. Tónstigar og hljómar (15 stig)

Til prófs skal undirbúa eftirfarandi tónstiga og hljóma:

- krómatískan tónstiga frá C til c'
- tvo dúrtónstiga og þríhljóma, tvær til þrjár áttundir
- tvo hljómhæfa og laghæfa molltónstiga ásamt þríhljómum, tvær til þrjár áttundir
- gangandi þríundir í einni dúrtóntegund og einni hljómhæfri molltóntegund, tvær áttundir
- sexundatvígrip (fyrst eina nótu í einu, svo tvígrip, sjá dæmi fyrir neðan) í einni dúrtóntegund þannig að efri tónninn fari hæst upp á g'

Leikmáti:

- krómatískur tónstigi frá C upp á c' og niður á C aftur
- hver dúr- og molltónstigi með tveimur mismunandi bogastrokum
- hver dúr- og mollþríhljómur með tveimur mismunandi bogastrokum
- hraðasti tónstigi og þríhljómur eigi hægar en M.M. $\downarrow = 78$, miðað við að leiknar séu áttundapartsnótur
- gangandi þríundir frá grunntóni upp á grunntón og niður aftur, heimilt er þó að fara þríund upp fyrir efri grunntón og einn tón niður fyrir neðri grunntón
- sexundatvígrip hæst upp í 4. stillingu
- sexundatvígrip þannig að efri upphafstón sé grunntón og neðri upphafstón sexund neðar
- hiklaust og utanbókar

Í prófinu velur prófdómari þá tónstiga og hljóma sem leiknir eru.

2. Æfing / Etýða (15 stig)

Í samræmi við kröfur greinanámskrár fyrir strokhljóðfæri.

Eitt verk eða æfingu skal leika utanbókar.

3. Verk 1 (15 stig)

Í samræmi við kröfur greinanámskrár fyrir strokhljóðfæri. Verk þurfa að vera ólík.

Eitt verk eða æfingu skal leika utanbókar.

4. Verk 2 (15 stig)

Í samræmi við kröfur greinanámskrár fyrir strokhljóðfæri. Verk þurfa að vera ólík.

Eitt verk eða æfingu skal leika utanbókar.

5. Verk 3 (15 stig)

Í samræmi við kröfur greinanámskrár fyrir strokhljóðfæri. Verk þurfa að vera ólík.

Eitt verk eða æfingu skal leika utanbókar.

6. Val (10 stig)

Nemandi velji eitt eftirtalinna viðfangsefna:

- a. Leika verk að eigin vali af sambærilegri þyngd og önnur prófverkefni.
- b. Spinna út frá gefnu upphafi, einföldu hljómferli eða lagi með eða án undirleiks.
- c. Leika frumsamið verk eða eigin útsetningu.

7. Lestur af blaði (10 stig)

Smáæfing sambærileg verkefnum sem fengist var við í seinni hluta grunnnáms.

8. Heildarsvipur (5 stig)

Mat prófdómara á heildarsvip prófs. Getur tekið til ýmissa þátta, en þar á meðal eru tilfinning fyrir túlkun og hendingamótun, blæbrigði og andstæður, þekking og skilningur á stíl, tilfinning fyrir samleik, öruggur og sannfærandi leikur, persónuleg tjáning og viðeigandi framkoma.

Sexundatvígrip:

The image shows a musical score for a six-measure exercise in bass clef, 4/4 time signature. The score is divided into three systems of two staves each. The first system contains measures 1 through 8. The second system, starting at measure 9, contains measures 9 through 16. The third system, starting at measure 17, contains measures 17 through 24. The music consists of a single melodic line in the upper staff of each system, with a constant accompaniment of chords in the lower staff. The chords are primarily triads and dyads, often with a moving bass line. The exercise concludes with a double bar line at the end of the 24th measure.

Miðpróf

Miðpróf á selló er þeytt eftir að nemandi hefur náð eftirfarandi hæfniviðmiðum og hefur undirbúið hæfileg prófverkefni. Miðpróf eru aðeins dæmd af Prófánend tónlistarskóla og kemur prófdómari á vegum hennar alla jafna árlega til þess að dæma próf í skólanum. Miðprófið telst fullgilt aðeins ef nemandi lýkur einnig **samræmdu miðprófi Prófánefndar í tónfræði** og aðeins þá fæst afhent prófskírteini frá Prófánefnd. Ætlast er til þess að nemendur eigi kennslubækur, æfingabækur og nótur í samræmi við fyrirmæli kennara.

Við lok miðnáms eiga sellónemendur að hafa náð eftirfarandi markmiðum:

Nemandi

- beiti líkamanum á eðlilegan og áreynslulausan hátt þegar leikið er á hljóðfærið.
- hafi náð tókum á eðlilegum og áreynslulausum hreyfingum handleggja.
- haldi eðlilega á hljóðfærinu og boganum.
- hafi náð tókum á góðu bogagripi.
- beiti boganum þannig að hann myndi rétt horn við streng og grunnstaða hans sé u.þ.b. mitt á milli gripbrettis og stóls
- hafi allgott vald á eftirtöldum bogastrokum: detaché, legato, staccato, martelé og spiccato –
- hafi gott vald á pizzicato með hægri og vinstri hendi.
- hafi á valdi sínu mismunandi hraða og styrkleika í bogastrokum.
- hafi náð tókum á mjúkum bogaskiptum.
- hafi náð tókum á jöfnum strengjaskiptum.
- hafi náð tókum á eðlilegri stöðu vinstri handleggjar miðað við þá stillingu og þann streng sem leikið er á hverju sinni.
- hafi náð tókum á hnitmiðaðri fingratækni, þ.m.t. sveigjanlegum þumalfingrum.
- hafi náð tókum á góðri samhæfingu vinstri og hægri handar.
- hafi náð góðri tónmyndun á tónsviðinu frá C upp á g¹ í 11. stillingu og hafi nokkurt vald á notkun þumalfingurs.
- hafi náð góðum tókum á inntónun.
- hafi náð tókum á þjálum stillingaskiptum.
- hafi náð góðu valdi á vibrato.
- geti sýnt blæbrigði með mismunandi fjarlægð frá stól og mismunandi bogahraða.
- geti gert styrkleikabreytingar og andstæður augljósar.
- geti stillt hljóðfæri sitt sjálfu.
- hafi öðlast gott hrynskyn.
- kunni góð skil á nótnalestri í bassa- og tenórlykli.
- kunni nokkur skil á nótnalestri í G-lykli.
- kunni skil á skammstöfunum tengdum bogatækni.
- geti lesið og leikið án undirbúnings verkefni sambærileg þeim sem fengist var við í fyrri hluta miðnáms.
- hafi þjálfast reglulega í að leika utanbókar.
- hafi þjálfast í ýmiskonar samleik, þ.m.t. hljómsveitarleik og kammertónlist.
- hafi farið yfir viðunandi fjölda verkefna.
- hafi fengist við fjölbreytt úrval verkefna.
- hafi vald á krómatískum tónstiga í þremur áttundum.
- hafi náð góðum tókum á leik allra dúrtónstiga í tveimur til þremur áttundum á tónsviðinu C til g¹.
- hafi náð góðum tókum á leik allra hljómhæfra og laghæfra molltónstiga í tveimur til þremur áttundum á tónsviðinu C til g¹.

- hafi náð góðum tókum á leik allra dúr- og mollþríhljóma í tveimur til þremur áttundum á tónsviðinu C til g".
- geti leikið gangandi þrúndir á tónsviðinu C til g".
- geti leikið sexundatvígrip á tónsviðinu C til g".
- hafi kynnst leik þrúndatvígripa.
- hafi undirbúið prófverkefni til flutnings á miðprófi samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla.

Nemandi hafi gefist kostur á að velja hvort og að hversu miklu leyti hann sinnir eftirfarandi atriðum:

- leik eftir eyra
- tónsköpun
- spuna

Nemandi sýni eftirfarandi atriði í þeim mæli sem eðlilegt getur talist við lok miðnáms:

- tilfinningu fyrir túlkun og hendingamótun
- ýmis blæbrigði og andstæður
- þekkingu og skilning á stíl
- tilfinningu fyrir samleik
- öruggan og sannfærandi leik
- persónulega tjáningu
- viðeigandi framkomu

Uppsetning miðprófs og vægi prófbátta

Prófbættir á miðprófi eru átta. Nemendur þurfa að fá einkunnina 6,0 á prófinu í heild til þess að standast það.

1. Tónstigar og hljómar (15 stig)

Til prófs skal undirbúa eftirfarandi tónstiga og hljóma:

- krómatískan tónstiga frá C til c''
- tvo dúrtónstiga og þríhljóma, þrjár áttundir
- tvo hljómhæfa og laghæfa molltónstiga ásamt þríhljómum, þrjár áttundir
- gangandi þríundir í einni dúrtóntegund og einni hljómhæfri molltóntegund, þrjár áttundir
- sexundatvígríp í einni dúrtóntegund þannig að efri tónninn fari hæst upp á c''

Leikmáti:

- krómatískur tónstigi frá C upp á c'' og niður á C aftur
- hver dúr- og molltónstigi með tveimur mismunandi bogastrokum
- hver dúr- og mollþríhljómur með tveimur mismunandi bogastrokum
- hraðasti tónstigi og þríhljómur eigi hægar en M.M. ♩ = 88, miðað við að leiknar séu áttundapartsnótur
- gangandi þríundir frá grunntóni upp á grunntón og niður aftur, heimilt er þó að fara þríund upp fyrir efri grunntón og einn tón niður fyrir neðri grunntón
- sexundatvígríp hæst upp í 7. stillingu
- sexundatvígríp þannig að efri upphafstón sé grunntón og neðri upphafstón sexund neðar
- hiklaust og utanbókar

Í prófinu velur prófdómari þá tónstiga og hljóma sem leiknir eru.

2. Æfing / Etýða (15 stig)

Í samræmi við kröfur greinanámskrár fyrir strokhljóðfæri.

Eitt verk eða æfingu skal leika utanbókar.

3. Verk 1 (15 stig)

Í samræmi við kröfur greinanámskrár fyrir strokhljóðfæri. Verk þurfa að vera ólík.

Eitt verk eða æfingu skal leika utanbókar.

4. Verk 2 (15 stig)

Í samræmi við kröfur greinanámskrár fyrir strokhljóðfæri. Verk þurfa að vera ólík.

Eitt verk eða æfingu skal leika utanbókar.

5. Verk 3 (15 stig)

Í samræmi við kröfur greinanámskrár fyrir strokhljóðfæri. Verk þurfa að vera ólík.

Eitt verk eða æfingu skal leika utanbókar.

6. Val (10 stig)

Nemandi velji eitt eftirtalinna viðfangsefna:

- a. Leika verk að eigin vali af sambærilegri þyngd og önnur miðprófsverkefni.
- b. Spinna út frá gefnu upphafi, einföldu hljómferli eða lagi með eða án undirleiks.
- c. Leika frumsamið verk eða eigin útsetningu.

7. Lestur af blaði (10 stig)

Smáæfing sambærileg verkefnum sem fengist var við í fyrri hluta miðnáms.

8. Heildarsvipur (5 stig)

Mat prófdómara á heildarsvip prófs. Getur tekið til ýmissa þátta, en þar á meðal eru tilfinning fyrir túlkun og hendingamótun, blæbrigði og andstæður, þekking og skilningur á stíl, tilfinning fyrir samleik, öruggur og sannfærandi leikur, persónuleg tjáning og viðeigandi framkoma.